



Yfirlýsing um samþykki kvaðarhafa

Með skjali útgefnu 23. september 2022, þinglýst skjal nr. A-571/2022, var lögð sú kvöð á 14 almennar íbúðir sem kæmu til með að standa á íbúðarhúsalóð við Hafnarstræti 29, 425 Flateyri, á lóð með landnúmer 141152 og með fasteignanúmer 233-6756, að óheimilt væri að veðsetja þær, nema Ísafjarðarbær veitt skriflegt samþykki sitt fyrir veðsetningunni.

Nemendagarðar Lýðskólans hses., kt. 500622-1800, Ránargötu 1, Flateyri, hafa nú sótt um leyfi til að veðsetja framangreinda fasteign, með 1. veðrétti fyrir tryggingabréfi, dags. 28. október 2022, nr. 0123-63-006692, að fjárhæð kr. 220.000.000, óverðtryggt, til tryggingar á sérgreindri skuld skv. viðskiptasamningi, dags. 26. september 2022, að fjárhæð kr. 200.000.000. Kröfuhafi er Landsbankinn hf., kt. 471008-0280.

Með vísan til laga nr. 52/2016, um almennar íbúðir, og kvaðar með skjali nr. 443-A-000572/2022, lýsir Ísafjarðarbær því yfir að ofangreind veðsetning frá Landsbankanum er heimiluð.

Ísafjörður, 3. nóvember 2022

F.h. Ísafjarðarbæjar

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun

Nafn, kt.

Nafn, kt.